

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2024, miðvikudaginn 15. maí var haldinn 423. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:10.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson formaður, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ, Sævar Birgisson Mosfellsbæ og Kristín Thoroddsen Hafnarfirði.

Jafnframt: Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lagt fram rekstraruppgjör janúar – mars 2024. Niðurstaðan er 70.9 mkr. undir áætlun. Rekstrarafgangur ársins 2023 var færður inn á árið 2024 að upphæð 21.9 mkr. Aðsóknartekjur ársins hafa komið að miklu leyti fram og kostnaður fyrir apríl og maí mun verða hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna fleiri opunardaga.

Jafnframt lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 8. maí 202 varðandi uppgjör vetrarins. Aldrei hafa eins margir gestir sótt Bláfjöllin eða 100.946 í lyftur og 3.248 á göngusvæði. Alls var opið í 60 daga. 84 Grindvíkingar fengu frítt vetrarkort sem mæltist vel fyrir. Snjóframleiðslan tryggði opnun frá 22. desember og voru 12 fyrstu dagarnir eingöngu tilkomnir vegna hennar. Með tilkomu nýrra stólalyftna jókst flutningsgeta um 4.800 manns á klukkustund og nánast engar biðraðir sköpuðust.

Logi Sigurfinnsson menningar- og íþróttasviði sat fundinn undir þessum lið.

- Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 14. maí 2024 varðandi samgöngur í Bláfjöll og kostnað við þær. Forstöðumanni falið að koma með tillögur við gerð fjárhagsáætlun 2025.
- Rætt um rekstur skíðaleigunnar.
- Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra SSH og sviðsstjóra MÍR ódags. í framhaldi af umsókn Skíðagöngufélagsins Ullar með ósk um stuðning vegna skála félagsins og færslu á salernishúsi.

Samþykkt að styrkja félagið um 5.0 mkr. sem greiðist til helminga á milli skíðasvæðanna og Reykjavíkurborgar.

- kl. 09:35 víkur Kristín Thoroddsen af fundi.

Fundi slitið kl. 09:50.

Þorvaldur Daníelsson

Andri Steinn Hilmarsson
Bjarni Theódór Bjarnason

Magnús Örn Guðmundsson
Sævar Birgisson